

Borgarráð

### ***Aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 – Sumarstörf og markvissar vinnumarkaðsaðgerðir***

Tillaga að fyrstu aðgerðum Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 var samþykkt í borgarráði þann 26. mars sl. Borgarstjórn hefur verið samstíga í að bregðast við áfallinu sem Covid-faraldurinn hefur í för með sér með áherslu á velferð borgarbúa, afkomu þeirra og þeirra grunnstoða samfélagsins sem þurfa styrk til að standa af sér víðtækar og neikvæðar afleiðingar vírussins.

Aðgerðirnar sem samþykktar voru þann 26. mars sl. voru þrettán talsins. Í aðgerð 9 er fjallað um markvissar vinnumarkaðsaðgerðir og er hún svohljóðandi:

Nauðsynlegar vinnumarkaðsaðgerðir sem viðbrögð gegn atvinnuleysi verða þróaðar tímalega einsog tilefni verður til. Unnið verði í samvinnu við ríkið og aðila vinnumarkaðarins þar sem sérstaklega verði lögð áhersla á hóp sem skv. greiningum verða illa úti í ástandinu, s.s. einyrkja, fólk af erlendum uppruna og konur. Áhersla verði lögð á að bjóða starfstækifæri, starfsnám og íslenskukennslu og aðra menntun á atvinnuleysisbótum.

Í kjölfar COVID-19 er mikilvægt að bregðast skjótt við og vera undirbúin með aðgerðir sem koma í veg fyrir aukið atvinnuleysi með sérstakri áherslu á hópa sem eru útsettir fyrir því að verða illa úti í breyttu atvinnuástandi.

Í samræmi við hjálagt minnisblað mannaúts- og starfsumhverfissviðs er lagt til að skipta aðgerðum í þrjá fasa; sumar 2020, haust 2020 og lengri tíma aðgerðir 2021 þegar frekari upplýsingar og greiningar liggja fyrir.

Fyrst verði þannig þróaðar hugmyndir sem vinna að virkri þátttöku þeirra sem eru án atvinnu í sumar. Lagt er til að áherslan verði einkum á fjóra hópa og ljóst er að þessir hópar skarast að einhverju leyti.

- Einyrkjar og sjálfstætt starfsandi
- Námsmenn
- Innflytjendur
- Vinnufærir einstaklingar

Reykjavíkurborg hefur nú þegar auglýst sumarstöf og áætlað var að ráða 822 einstaklinga í sumarstörf en fjöldi umsækjenda var 1749.

Til viðbótar við þessi 822 störf er lögð til eftirfarandi fjölgun starfa:

1. Sumarstörf námsmanna

i. Sumarstörf námsmanna 18 ára og eldri:

Fjöldi starfa: 600.

Markhópur: Námsmenn 18 ára og eldri.

Til framkvæmda: Júní – ágúst 2020

Samstarf við ríkið: unnið í samvinnu við ríkið sbr. aðgerð 9 í aðgerðapakka 2 þar sem ráðist verður í aðgerðir til að fjölga sumarstörfum námsmanna.

Áætlaður kostnaður: Mótframlag fæst frá ríkinu en áætlaður hlutur Reykjavíkurborgar eru 269 m.kr.

ii. Sumarstörf fyrir 17 ára

Fjöldi starfa: 200.

Til framkvæmda: Júní - ágúst 2020.

Áætlaður kostnaður: 108 m.kr. (6 vikna störf).

2. Vinnumarkaðsúrræði

I. Samvinna Reykjavíkurborgar og ríkisins - Einstaklingar með bótarétt hjá ríkinu.

Fjöldi starfa: 100.

Markhópur: Einstaklingar með bótarétt s.s. innflytjendur, einyrkjar, sjálfstætt starfandi.

Til framkvæmda: Sumar og haust 2020 og frekari útfærsla miðað við stöðu í upphafi árs 2021.

Samstarf við ríkið: Unnið í samvinnu við ríkið sbr. aðgerð 8 þar sem leitast er við að búa til starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur til að vinna gegn atvinnuleysi.

Áætlaður kostnaður: Hlutur Reykjavíkurborgar er áætlaður 121 mkr. Áætlað út frá uppgefnum forsendum sem er 6 mánaða ráðning og að ráðnir verða 100 einstaklingar. Hér er búið að reikna inn í mótframlag sem kæmi frá ríkinu sbr. í sumarstörfum sem er 316.000,- kr. á mánuði.

II. Samvinna við velferðarsvið - Notendur fjárhagsaðstoðar án bótaréttar hjá ríkinu.

Fjöldi starfa: 100.

Markhópur: einstaklingar sem misst hafa vinnuna og eiga ekki bótarétt hjá ríkinu.

Til framkvæmda: í sumar og haustið 2020.

Samstarf við ríkið: Nei.

Áætlaður kostnaður: Kostnaður Reykjavíkurborgar er áætlaður 193 mkr. Áætlað út frá uppgefnum forsendum sem er 6 mánaða og ráðnir verða 100 . Hér er búið að reikna inn tilfærslu á fjármagni sem kæmi þá frá velferðarsviði og miðað er við fulla framfærslu einstaklinga sem er 207.709,- kr á mánuði.

Lagt er til að borgarráð samþykki ofangreindar tillögur að vinnumarkaðsaðgerðum.

Heildarkostnaður við tillögurnar er áætlaður 691 m.kr. vegna 1.000 starfa. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra viðauka við fjárhagsáætlun 2020 í samræmi við tillöguna til framlagningar í borgarráði.

Tafla 1. Samantekt á tillögum að útfærslu vinnumarkaðsaðgerða.

	Fjöldi starfa/einstaklinga	Áætlaður kostnaður Rvk. (m.kr.)
Sumarstörf námsmanna 18 ára og eldri	600	269
Sumarstörf fyrir 17 ára	200	108
Vinnumarkaðsúrræði: Einstaklingar með bótarétt hjá ríkinu	100	121
Vinnumarkaðsúrræði: Notendur fjárhagsaðstoðar án bótaréttar hjá ríkinu	100	193
Samtals	1.000	691

Nánari útfærslu tillagnanna má sjá í hjálögðu minnisblaði mannauðs- og starfsumhverfissviðs. Tillögunum er forgangsraðað þannig að hluti þeirra fer strax í framkvæmd eins og tillögur sem snúa að sumarstörfum fyrir mismunandi hópa og námsmenn. Einnig er lagt til að störf fyrir einstaklinga á fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg fari strax í framkvæmd, þar sem búast má við að stór hluti þeirra sem ekki eiga rétt í atvinnuleysistryggingasjóði sækji um framfærslu hjá Reykjavíkurborg. Hluti þeirra tillagna sem snúa að lista og nýsköpunarstörfum fyrir einyrkja kæmu til framkvæmda strax í sumar. Aðrar tillögur krefjast meiri undirbúnings og eru þá áætlaðar til framkvæmda í haust og á árinu 2021. Ásamt áður samþykktum sumarstörfum eru þetta þá um 1.822 störf til skemmri og lengri tíma.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Minnisblað mannauðs og starfsumhverfissviðs um markvissar vinnumarkaðsaðgerðir dags. 27. apríl 2020.



## Til borgarstjóra

### Frá sviðsstjóra mannauðs og starfsumhverfissviðs

Efni: Minnisblað mannauðs og starfsumhverfissviðs vegna vinnumarkaðsaðgerða

27.apríl 2020

Samþykkt var í borgarráði 26.mars sl. að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir markvissum vinnumarkaðsaðgerðum til viðspyrnu vegna COVID-19.

#### Aðgerð #9 - Markvissar vinnumarkaðsaðgerðir

Nauðsynlegar vinnumarkaðsaðgerðir sem viðbrögð gegn atvinnuleysi verða þróaðar tímalega eins og tilefni verður til. Unnið verði í samvinnu við ríkið og aðila vinnumarkaðarins þar sem sérstaklega verði lögð áhersla á hópa sem skv. greiningum verða illa úti í ástandinu, s.s. einyrkja, fólk af erlendum uppruna og konur. Áhersla verði lögð á að bjóða starfstækifæri, starfsnám og íslenskukennslu og aðra menntun á atvinnuleysisbótum

Í kjölfar COVID-19 er mikilvægt að bregðast skjótt við og vera undirbúin með aðgerðir sem koma í veg fyrir auknið atvinnuleysi með sérstakri áherslu á hópa sem eru útsettir fyrir því að verða illa úti í breyttu atvinnuástandi.

Skráð atvinnuleysi skv. upplýsingum Vinnumálastofnunar var 9,2% í mars sl. Atvinnuleysi í Reykjavík var 9,3%. Hefðbundið atvinnuleysi, þ.e. án minnkaðs starfshlutfalls var 5,7% og var mesta aukningin á höfuðborgarsvæðinu. Fjölgun hefðbundinna atvinnuleitenda var mest meðal yngsta aldurshópsins 18-24 ára. Vinnumálastofnun hafa borist ríflega 35.000 umsóknir um skert starfshlutfall sem eru tilkomnar vegna frumvarps um rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitenda, svokallaða hlutastarfaleið. Ríflega helmingur umsækjenda um hlutastarfaleið eru búsettir í Reykjavík, um 40% umsækjenda kemur úr ferðþjónustutengdum greinum og eru 76% umsækjenda Íslendingar. Hlutfall erlendra ríkisborgara er hærra á atvinnuleysissskrá en í nýja úrræðinu og voru alls 13,8% erlendra ríkisborgara án atvinnu í lok mars og eru erlendir ríkisborgarar 21% þeirra sem eru án atvinnu á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnumálastofnun áætla að atvinnuleysi í Reykjavík aukist í 16,4 % nú í apríl. Bæði vegna fjölgunar almennra umsókna um atvinnuleysisbætur, en fyrst og fremst þó vegna fjölda þeirra sem eru að sækja um vegna minnkaðs starfshlutfalls. Gangi þessar spár eftir verður atvinnuleysi í apríl og maí það mesta sem sést hefur í einstökum mánuðum frá því að farið var að halda utan um atvinnuleysissskráningu árið 1980. Hins vegar er gert ráð fyrir að þetta verði fremur tímabundið ástand og að atvinnuleysi muni lækka nokkuð hratt á komandi misserum og gerir Vinnumálastofnun sínum spám að atvinnuleysi lækki nokkuð skart aftur yfir sumarmánuðina og verði á milli 6-7% í september.

Mikilvægt er að bregðast hratt við og fjölga atvinnutækifærum sem geta komið til framkvæmda þegar samkomubanni verður aflétt í áföngum í maí og í sumar.

Mannauðs og starfsumhverfissvið leggur til að skipta aðgerðum í þrjá fasa; sumar 2020, haust 2020 og lengri tíma aðgerðir sem koma til framkvæmda á árinu 2021 þegar frekari upplýsingar og greiningar liggja fyrir.

Fyrst verði þannig þróaðar hugmyndir sem vinna að virkri þátttöku þeirra sem eru án atvinnu í sumar. Lagt er til að áherslan verði einkum á fjóra hópa.

- Einyrkjar og sjálfstætt starfsandi
- Námsmenn
- Innflytjendur
- Vinnufærir einstaklingar

Þær aðgerðir sem mannauðs- og starfsumhverfissvið leggur til er ætlað að ná sérstaklega til þessara fjögurra hópa og ljóst er að þessir hópar skarast að einhverju leiti. Einyrkjar og sjálfstætt starfandi er hópur sem verður illa úti vegna COVID-19 og að þær aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til ná ekki til hópsins nema að hluta eða jafnvel litlu leyti. Þetta er fjölbreyttur hópur og ljóst er að greina þarf betur samsetningu hans. Hluti hópsins getur farið beint í störf séu þau fyrir hendi, einnig er lagt til að komið verði á fót sjóði sem einstaklingar geta sótt í fyrir sérstök verkefni, svo sem listafólk og sjálfstætt starfandi einstaklingar sem hafa byggt afkomu sína á verkefnum af ýmsu tagi. Ljóst er að námsmenn er hópur sem þarf að styðja sérstaklega og þessa vegna er lagt til að áhersla verði á að styðja sumarstörf þessa fjölbreytta hóps, ásamt því að opna dyr inn í nýsköpun og skapandi starfsumhverfi. Innflytjendur sem missa vinnuna er hópur sem einnig þarf að styðja sérstaklega. Þetta er fjölbreyttur hópur og skoða þarf betur hvers konar stuðnings er þörf. Hluti hópsins getur farið störf bjóðist þau og hluti þarf meiri stuðning m.t.t. íslenskukennslu. Með vinnufærum einstaklingum er átt við þá einstaklinga sem hafa misst vinnu sína vegna þeirra aðstæðna sem upp er komnar, almennt er ekki talið að þessi hópur þurfi neinn stuðning í starf eða sérstök úrræði aðeins starf þar sem hæfni og þekking þeirra nýtist.

Áhersla mannauðs- og starfsumhverfissviðs er að bregðast strax við með aðgerðum sem snúa að námsmönnum ásamt því að búa til störf sem hægt er að bjóða þeim einstaklingum með bótarétt og þeim einstaklingum sem munu leita til velferðarsviðs varðandi framfærslu. Síðan þarf nánari útfærslu á þeim sértæku aðgerðum sem snúa að einyrkjum og innflytjendum og áætlað er að þau störf hefjist að hluta til í sumar.

## **Tillögur mannauðs og starfsumhverfissviðs að útfærslu vinnumarkaðsaðgerða eru eftirfarandi:**

### **1. Sumarstörf námsmanna**

Reykjavíkurborg hefur nú þegar auglýst sumarstöf og áætlað var að ráða 832 einstaklinga í sumarstörf og auk þess að ráðið yrði í 100 í störf hjá íþróttafélögum og æskulýðssamtökum í samvinnu við íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar. Fjöldi umsækjenda var 1749 og margir þeirra sóttu um mörg störf og alls bárust því 3770 umsóknir. Þar að auki er gerð breyting á ráðningarfyrirkomulagi hjá um 370 starfamönnum sem starfa í hlutastörfum yfir veturinn og fara í fullt starf yfir sumartímenn. Stærsti hluti þess hóps eru frístundaráðgjafar og frístundaleiðbeinendur á skóla- og frístundarsviði. Eins er farið með hóp af starfsfólks á menningar- og ferðamálasviði. Heildarfjármagn sem áætlað er vegna sumarstarfa eru 1.235 m.kr. innan ramma sviða.

Lagt er til að fjölga sumarstörfum um 810. Mikilvægt er að störfin nái til fjölbreytts hóps námsmanna. Bæði sé um að ræða fjölgun á hefðbundnum sumarstörfum en einnig að sköpuð verði óhefðbundin

skapandi átaksstörf. Mannauðs og starfsumhverfissvið leggur til eftirfarandi þrjár útfærslur vegna sumarstarfa námsmanna:

### ***i. Sumarstörf námsmanna 18 ára og eldri***

Lagt er til að fjölga sumarstörfum fyrir námsmenn 18 ára og eldri hjá Reykjavíkurborg með aðkomu ríkisins og skapa þannig um 600 störf fyrir þann hóp með ráðningu í 2 mánuði. Samkvæmt könnun Stúdentaráðs Háskóla Íslands hafa 40% nemanda við skólann ekki fengið vinnu í sumar.

Ríkið ætlar að verja 2,2 ma.kr. til fjölgunar sumarstarfa fyrir námsmenn 18 ára og eldri og áætlað er að hægt sé að skapa 3000-3500 störf hjá ríki og sveitarfélögum. Útfærslan verður sú að sveitarfélögin og stofnanir ríkisins skapa sumarstörf og sækja um störf til Vinnumálastofnunar og fá úthlutað störfum, störfín eru síðan auglýst og námsmenn sækja um og framlag sem jafngildir atvinnuleysisbótum rennur til vinnuveitandans.

Laun sumarstarfa hjá Reykjavíkurborg er á bilinu 316-450 þús. kr. að viðbættum launatengdum gjöldum. Samkvæmt frumvarpi er lagt upp með að mótframlag til sveitarfélags fyrir hvert starf séu fullar atvinnuleysisbætur kr. 289.510 auk 11% framlags í lífeyrissjóð eða 316 þús.kr. á mánuði fyrir hvern einstakling í starf. Ljóst er að mótframlag Vinnumálastofnunar dugir ekki fyrir launum og launatengdum gjöldum fyrir starf sumarliða 2 sem er lægst raðaða starfið sem Reykjavíkurborg ræður sumarstarfsfólk í. Reykjavík þarf því alltaf að leggja til fjármagn með öllum störfum sem námsmenn verða ráðnir í. Svið borgarinnar hafa lagt fram hugmyndir að 1300 sumarstörfum fyrir námsmenn til viðbótar þeim störfum sem þegar hafa verið auglýst og eru í ferli og geta því fljótt og vel útbúið fleiri sumarstörf ef frekara fjármagn fæst til sköpunar starfa. Mikilvægt er að skoða hvernig það fjármagn sem kemur til ráðstöfunar nýtist með bestum hætti. Bæði þarf að hafa í huga að skapa atvinnutækifæri fyrir sem flesta námsmenn en líka að mæta þörfum sviða Reykjavíkurborgar fyrir störf.

Til að tryggja að sumarstörfín nái til fjölbreytts hóps námsmanna, styðji við hefðbundna starfsemi Reykjavíkurborgar ásamt því að styðja við nýsköpun, skapandi greinar og þekkingargreinar er lagt til að skipta nýjum sumarstörfum upp í tvo hópa. Annars vegar styrkingu á hefðbundnum störfum sem Reykjavíkurborg sinnir allt árið um hring og hins vegar störfum sem snúa að nýsköpun og skapandi greinum. Lagt er til að 400 ný sumarstörf verði styrking á fjölbreyttri starfssemi Reykjavíkurborgar. En 200 störfum er ætlað að styrkja Reykjavíkurborg á sviði nýsköpunar, sinna fjölbreyttum nýjum verkefnum á sviðum borgarinnar sem og styðja við skapandi störf hjá borginni. Hluti af þessum störfum færu t.d. til umhverfis og skipulagssviðs og munu verða forsenda fyrir mönnun verkefna sem ætlað er að hrinda í framkvæmd í verkefninu SUMARIÐ 2020. Rétt er að taka fram að útreikningar sýna kostnað vegna launa og launatengdra gjalda en ekki er tekið tillit til viðbótarkostnaður sem getur verið misjafn eftir eðli starfa. Viðbótarkostnaður getur verið tölvuleiga, hlífðarfatnaður, fæðisfé, vinnutæki og annar kostnaður sem verður til við sköpun nýrra starfa. Nánari upplýsingar um viðbótarkostnað liggur fyrir þegar búið er að flokka störfín betur í samvinnu við fag- og kjarnasvið Reykjavíkurborgar. Í töflu 1 má sjá áætlaðan kostnað við ráðningu 600 námsmanna í 8 vikur í milljónum króna.

Tafla 1. Áætlaður kostnaður 600 sumarstarfa

Fjöldi starfa	Heildarkostn. í m.kr.	Hluttur RVK í m.kr.
200	239	113
400	409	156
<b>600</b>	<b>648</b>	<b>269</b>

**Markhópur:** Námsmenn 18 ára og eldri.

**Til framkvæmda:** júní – ágúst 2020

**Samstarf við ríkið:** Unnið í samvinnu við ríkið sbr. aðgerð 9 í aðgerðapakka 2 um fjölgun sumarstarfa námsmanna 18 ára og eldri.

**Áætlaður kostnaður:** 269 m.kr.

## *ii. Nýsköpunarsjóður námsmanna (RANNÍS)*

Ríkið hefur ákveðið að verja 300 m.kr. til viðbótar í Nýsköpunarsjóð námsmanna og lagt er til að Reykjavíkurborg setji fjármagn til að greiða viðbótarlaun til nema sem fengju úthlutað verkefnum úr nýsköpunarsjóðnum. Nýsköpunarsjóður námsmanna borgar námsmönnum 300 þús. kr. í styrk á mánuði að hámarki í þrjá mánuði. Lagt til að Reykjavíkurborg borgi 144 þúsund kr. í viðbótarlaun á mánuði í formi styrks til nema. Þannig geta starfsstaðir Reykjavíkurborgar r 10 einstaklinga í gegnum þessa aðgerð og gerðir séu tveggja mánaða samningar við námsmennina. Starfsstaðir Reykjavíkurborgar geta þá sótt um í miðlægan pott fyrir viðbótarlaunum námsmanna sem væru þá til jafns við laun fyrir sumarstarf háskólanema hjá Reykjavíkurborg. Umsóknarfrestur í Nýsköpunarsjóð námsmanna hefur verið framlengdur til 4. maí nk. Nýsköpunarsjóður námsmanna hefur það að markmið að gera fyrirtækjum eða háskólum tækifæri til að ráða námsfólk í grunn- og meistaranámi við háskóla til sumarvinnu við metnaðarfullt og krefjandi rannsóknarverkefni. Þannig geta starfsstaðir Reykjavíkurborgar farið í auknu mæli í virðisaukandi verkefni. Reykjavíkurborg leggur þá til viðbótarlaun fyrir námsmenn, mögulega starfsaðstöðu eða annað sem þarf til að koma rannsóknarverkefninu af stað.

**Markhópur:** Háskólanemar.

**Til framkvæmda:** júní– ágúst 2020

**Samstarf við ríkið:** Samstarf við Rannís og unnið í samvinnu við ríkið sbr. aðgerð 9 í aðgerðapakka 2 þar sem veitt var viðbótarfjármagni til Nýsköpunarsjóðsins.

**Áætlaður kostnaður:** 2,8 m.kr.

## *iii. Sumarstörf fyrir 17 ára*

Mannauðs og starfsumhverfissvið bendir á að það fjármagn sem ríkið leggur til sumarstarfa námsmanna er eingöngu ætlað námsmönnum 18 og eldri. Lagt er til að veitt verði viðbótar fjármagni til sköpunar 200 sumarstarfa fyrir 17 ára einstaklinga og ráðninga í 4-6 vikur. Samkvæmt upplýsingum af vef Hagstofunnar eru 1389 einstaklingar fæddir árið 2003 sem eiga lögheimili í Reykjavík. Forgang í störfin myndu þeir einstaklingar sem þegar hafa sótt um sumarstarf hjá borginni. Alls bárust 224 umsóknir frá einstaklingum fæddir árið 2003 innan umsóknarfrests um sumarstörf. Lagt er til að þessi einstaklingar fari í störf á skóla- og frístundasviði, umhverfis- og skipulagssviði og íþrótt- og tómsundasviði. Áður nefnd svið geta bætt við á milli 200-300 störfum fyrir þennan hóp. Stór hluti þessara starfa er á leikskólum Reykjavíkurborgar, við umhirðu borgarlandsins og hjá íþrótt- og æskulýðsfélögum. Hjá íþrótt og æskulýðsfélögum eru leikjanámskeið, íþróttanámskeið og útivistarnámskeið. Félögin hafa sótt um fjárveitingu til borgarinnar til þess að manna námskeiðin. Með því að styrkja störf hjá íþrótt og æskulýðsfélögum er verið að fjölga atvinnutækifærum fyrir ungt fólk í Reykjavík og styðja við framkvæmd frístundaúrræða fyrir börn yfir sumartímann. Ráðningartímabil þessa hóps yrði 4- 6 vikur. Nánari útfærsla á skiptingu starfa milli sviða og tímalengd ráðninga verður útfærð í samvinnu við viðkomandi fagsvið. Hér fyrir neðan má sjá áætlaðan kostnað vegna ráðningar 17 ára annars vegar 4 vikur og hins vegar 6 vikur.

Tafla 2. Áætlaður kostnaður við 100 -300 störf

Fjöldi starfa	Heildarkostnaður í 4 vikur í m.kr.	Heildarkostnaður í 6 vikur í m.kr.
100	36	54
200	71	108
300	108	162

**Markhópur:** 17 ára

**Til framkvæmda:** júní- ágúst 2020

**Samstarf við ríkið:** Nei

**Áætlaður kostnaður:** 71-108 m.kr.

## 2. Vinnumarkaðsúrræði

### i. Samvinna Reykjavíkurborgar og ríkisins.

Lagt er til að búa til störf og bjóða einstaklingum sem eru á atvinnuleysissskrá störf hjá Reykjavíkurborg. Fyrirmynd þessarar aðgerðar er vinnumarkaðsúrræði sem farið var í eftir hrun s.s. Liðstyrkur og Vinnandi vegur. Búið er að kortleggja fjölda starfa sem þörf er á að sinna, bæði þar sem hefðbundin starfsemi Reykjavíkurborgar er styrkt og störf sem stuðla að nýsköpun, verkefni sem setið hafa á hakanum og störf sem eru skapandi fyrir borgina. Fag- og kjarnasvið Reykjavíkurborgar myndu koma að nánari útfærslu að þessum fjölbreyttu störfum. Lagt er til að þau störf sem sköpuð verða séu ekki auglýst heldur verða einstaklingar paraðir við starfsstaði þar sem hæfni þeirra og reynsla nýtist. Þessi aðgerð styður við tillögur menningar og ferðamálsviðs um ráðningar í störf til fjölbreyttra verkefna á sviðinu sem er útfærsla á viðspyrnuaðgerð borgarráðs um aðgerðir í menningar-, íþrótt- og listalífi. Menningar og ferðamálsvið hefur útfært verkefni sem kallar á ráðningar í 73 störf í 1-3 mánuði og heildarkostnaður við ráðningar er áætlaður 90 m.kr en lagt er til að ráðningar fari í gegnum vinnumarkaðsúrræði og ef hægt er að fá mótframlag frá Vinnumálastofnun fyrir þessum ráðningum þá verður hlutur Reykjavíkurborgar vegna þessara ráðninga 43 m.kr. Ráðningar í þau störf myndu þá að hluta falla undir þessa aðgerð og fjármagn til þeirra ráðninga koma úr vinnumarkaðsaðgerðum af því gefnu að þessi tímalengd á störfum uppfylli skilyrði Vinnumálastofnunar. Einstaklingar ráðnir í gegnum þessa aðgerð verða ráðnir eins og annað starfsfólk Reykjavíkurborgar samkvæmt kjarasamningum og væru laun og launatengd gjöld væru greidd úr miðlægum atvinnumálapotti og mótframlag kæmi frá ríkinu sem samsvarar upphæð atvinnuleysisbóta. Lagt er til að ráðningartímabilið sé sex mánuðir. Þessi tillaga er gerð með fyrirvara um að vinnumarkaðsúrræði Vinnumálastofnunar verði útfærð með sama hætti og var eftir hrun þannig að mótframlag Vinnumálastofnunar renni til vinnuveitanda líkt og í sumarstörfum fyrir nema. Eins er þörf á frekari skoðun á lengd ráðningartímabilsins í þessum verkefnum í samvinnu við Vinnumálastofnun. Lögð er áhersla á að finna störf hjá Reykjavíkurborg sem hentar innflytjendum og einyrkjum. Í töflu 3 hér að neðan má sjá áætlaðan kostnað við ráðningar mismunandi fjölda einstaklinga í sex mánuði í milljónum króna. Rétt er að taka fram að útreikningar sýna kostnað vegna launa og launatengdra gjalda en ekki er tekið inni viðbótarkostnaður sem getur verið misjafn eftir eðli starfa. Viðbótarkostnaður getur verið tölvuleiga, hlífðarfatnaður, fæðisfé, vinnutæki og annar kostnaður sem verður til við það að skapa ný störf. Nánari upplýsingar um viðbótarkostnað liggur fyrir þegar búið er að flokka störfin betur í samvinnu við fag- og kjarnasvið Reykjavíkurborgar.



Tafla 3: Áætlaður kostnaður við 50-200 störf

Fjöldi Starfa	Heildarkostn. í m.kr.	Hluttur RVK í m.kr.
50	155	60
100	310	121
200	621	242

**Markhópur:** Einstaklingar með bótarétt s.s. innflytjendur, einyrkjar og sjálfstætt starfandi.

**Til framkvæmda:** Sumar og haust 2020 og síðan frekari útfærslu miðað við stöðu í upphafi árs 2021.

**Samstarf við ríkið:** Unnið í samvinnu við ríkið sbr. aðgerð 8 í aðgerðapakka 2 þar sem leitast er við að búa til starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur til að vinna gegna atvinnuleysi.

**Áætlaður kostnaður:** 121 m.kr. Út frá uppgefnum forsendum sem er 6 mánaða ráðning og að ráðnir verða 100 einstaklingar í fasa 1. Hér er búið að reikna inn í mótframlag sem kæmi frá Vinnumálastofnun sem er 316.000,- kr. á mánuði.

## ii. Vinnumarkaðsúrræði – samvinna við velferðarsvið

Lagt er til að bjóða einstaklingum sem sækja um framfærslu hjá Reykjavíkurborg störf í sex mánuði. Markmiðið með þessari aðgerð er að koma einstaklingum sem fyrst í störf þegar sótt er um framfærslu til sveitarfélagsins. Samkvæmt upplýsingum frá velferðarsviði er mikilvægt að einstaklingum sé boðið störf í stað framfærslu þar sem reynslan sýnir að erfitt getur reynst að koma einstaklingum sem fá fjárhagsaðstoð aftur út á vinnumarkaðinn. Lagt er til sambærilegt verklag og í aðgerð 2.i þar sem einstaklingum verða boðin störf og þannig paraðir við starfsstaði. Þessi aðgerð styður líka við tillögu menningar og ferðamálsviðs um ráðningu í störf til fjölbreyttra verkefna á sviðinu sem er útfærsla á viðspyrnuaðgerð borgarráðs um aðgerðir í menningar-, íþrótt- og listalífi sem nefnd var að ofan og hluti þeirra sem ráða á í þau 73 störf sem menningar og ferðamálasvið leggur til að verði stofnuð í tengslum við þessa aðgerð verða ráðnir í gegnum þessa vinnumarkaðsaðgerð. Í töflu 4 hér að neðan má sjá áætlaðan kostnað við ráðningar mismunandi fjölda einstaklinga í sex mánuði í milljónum króna. Rétt er að taka fram að útreikningar sýna kostnað vegna launa og launatengdra gjalda en ekki er tekið inni viðbótarkostnaður sem getur verið misjafn eftir eðli starfa. Viðbótarkostnaður getur verið tölvuleiga, hlífðarfatnaður, fæðisfé, vinnutæki og annar kostnaður sem verður til við það að skapa ný störf. Nánari upplýsingar um viðbótarkostnað liggur fyrir þegar búið er að flokka störfin betur í samvinnu við fag- og kjarnasvið Reykjavíkurborgar.

Tafla 4: Áætlaður kostnaður við 50-200 störf

Fjöldi starfa	Heildarkostn. í m.kr.	Viðbót við fjárhagsaðstoð í m.kr.
50	158	96
100	318	193
200	621	372

**Markhópur:** Einstaklingar sem misst hafa vinnuna og eiga ekki bótarétt hjá Vinnumálastofnun.

**Til framkvæmda:** Í sumar og haustið 2020

**Samstarf við ríkið:** nei

**Áætlaður kostnaður:** 193 m.kr. miðað við ráðningu 100 einstaklinga í 6 mánuði. Hér er búið að reikna inn tilfærslu á fjármagni sem kæmi þá frá velferðarsviði sem annars færi í fjárhagsaðstoð og miðað er við fulla framfærslu einstaklinga sem er 207.709,- kr á mánuði.

### **iii. Flétta saman vinnu og íslenskukennslu - innflytjendur**

Lagt er til að hluti þeirra starfa verða sköpuð í gegnum vinnumarkaðsúræði 2.i og 2.ii verði tilraunaverkefni þar sem fléttað verður saman vinnu og íslenskukennslu. Markmið með þessari undiraðgerð er að styðja innflytjendur í störf hjá Reykjavíkurborg þar sem hluti af starfsskyldum starfsfólks er íslenskunám með áherslu á starfstengda íslensku. Reykjavíkurborg hefur lagt áherslu á að auka hlut starfsfólks borgarinnar úr hópi innflytjenda og styðja við starfsfólk í íslenskunámi. Mikilvægt er að tryggja fjölbreytileika starfa hjá innflytjendum, rannsóknir hafa sýnt að innflytjendur með háskólamenntun eiga erfitt með að fá vinnu í sínu fagi og því þarf að tryggja að þetta verkefni nái til ólíkra starfsstétta. Mikilvægt er að fylgjast náið með framgangi tilraunaverkefnisins og mæla árangur með það í huga að skoðað verði hvort breyta eigi nálgunum í íslenskukennslu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar að loknu tilraunaverkefni.

**Markhópur:** Innflytjendur

**Til framkvæmda:** Haust 2020

**Samstarf við ríkið:** Unnið í samvinnu við ríkið sbr. aðgerð 8 þar sem leitast er við að búa til starfsúræði fyrir atvinnuleitendur til að vinna gegna atvinnuleysi.

**Áætlaður kostnaður:** Hér þarf að kostnaðarmeta íslenskukennslu. Einnig er möguleiki að ráða einstaklinga í gegnum aðgerð 2.i til að sinna kennslu fyrir þennan hóp. Verður útfært nánar í sumar.

### **3. Störf hjá Reykjavíkurborg – einyrkjar**

Auglýst verði störf sem einyrkjar geta sótt um. Markmiðið með þessari aðgerð væri að auka aðgengi einyrkja að tímabundnum verkefnum/störfum hjá ríki og Reykjavíkurborg. Hér væri þá ekki um að ræða full störf heldur auka aðgengi lítilla fyrirtækja að Reykjavíkurborg og þeim verkefnum sem þarf að sinna. Hér væri hægt að hafa grafíska hönnuði, prófarkalestur, þýðingarverkefni, fyrirlesarar, umbrot, matarþantánir o.s.frv. Ávallt þarf þó að huga að innkaupareglum borgarinnar.

**Markhópur:** Einyrkjar

**Til framkvæmda:** Haust 2020

**Samstarf við ríkið:** Á ekki við

**Áætlaður kostnaður:** Hér er ekki um viðbótarkostnað að ræða heldur að forgangsroðun af hverjum Reykjavíkurborg kaupir þjónustu af.

### **4. Starfsnám í samvinnu við Háskólana**

Lagt er til að auka starfsnám hjá Reykjavíkurborg í samvinnu við háskóla landsins þannig að fleiri fagstéttir geti komið í fastmótað starfsnám hjá Reykjavíkurborg. Bæði gagnast það starfsstöðvum Reykjavíkurborgar sem sinna verkefnum sem snúa að fjölbreyttum fagstéttum og nemendum að auka þekkingu á raunverulegum viðfangsefnum í atvinnulífinu. Einnig er þetta liður að kynna Reykjavíkurborg sem framtíðarvinnustað fyrir háskólanemum. Skoða þarf í samvinnu við háskóla landsins tengingar ECTS eininga við starfsnám líkt og gert er hjá félagsráðgjafa nemum sem koma í starfsnám hjá Reykjavíkurborg.

**Markhópur:** Háskólanemar

Til framkvæmda: 2021

Samstarf við ríkið: Háskólar á Íslandi.

Áætlaður kostnaður: Hér þarf að skoða hvort lagt verður upp með launað starfsnám eða ólaunað.

## Samantekt á tillögum um útfærslu vinnumarkaðsaðgerða

Mannauðs og starfsumhverfissviðs leggur til að í fyrsta fasa vinnumarkaðsaðgerða verði sköpuð ríflega 1000 störf með áherslu á þá fjóra hópa sem eru án atvinnu í sumar. Samantekt á tillögum um vinnumarkaðsaðgerðir má sjá í töflu 5.

Tafla 5. Samantekt á tillögum að útfærslu vinnumarkaðsaðgerða

Tillaga að aðgerð	Fjöldi starfa	Markhópur	Áætlaður kostnaður m.kr.	Mótframlag ríkisins m.kr.	Til framkvæmda	Tengsl við viðspyrnu #AÐGERÐ
Sumarstörf námsmanna 18 ára og eldri	600	Námsmenn	269	379	FASI 1: Sumar 2020	
Nýsköpunarsjóður námsmanna	10	Námsmenn	2,8	6	FASI 1: Sumar 2020	#5
Sumarstörf fyrir 17 ára	200	Námsmenn	108	0	FASI 1: Sumar 2020	
Vinnumarkaðsúræði fyrir atvinnuleitendur með bótarétt	100	Frekari greininga þörf	121	189	FASI 1: Sumar 2020 FASI 2: haust 2020 FASI 3: árið 2021	#8 #5 #6
Vinnumarkaðsúræði fyrir þá sem sækja um fjárhagsaðstoð	100	Frekari greininga þörf	193	0	Sumar og haust 2020 og árið 2021	#8
Íslenskukennsla og starf	Óútfært	Innflytjendur	Óútfært	Óútfært	Haust 2020	
Störf fyrir einyrkja	Óútfært	Einryrkjar	0		Haust 2020	
Starfsnám	Óútfært	Háskólanemar	Óútfært		Árið 2021	#7
<b>Samtals</b>	<b>1010</b>		<b>694</b>			

Mannauðs- og starfsumhverfissvið forgangsraðar tillögnum þannig að hluti þeirra fari strax í framkvæmd eins og tillögur sem snúa að sumarstörfum fyrir mismunandi hópa og námsmenn. Einnig er lagt til að störf fyrir einstaklinga með bótarétt og einstaklinga á fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg fari strax í framkvæmd, þar sem búast má við að stór hluti þeirra sem ekki eiga rétt í atvinnuleysistryggingasjóði sækji um framfærslu hjá Reykjavíkurborg. Hluti þeirra tillagna sem snúa að lista og nýsköpunarstörfum fyrir einyrkja kæmu til framkvæmda strax í sumar. Aðrar tillögur krefjast meiri undirbúnings og eru þá áætlaðar til framkvæmda í haust og á árinu 2021.

Mikilvægt er að hafa í huga í framsetningu og framkvæmd á tillögnum að þær sýni Reykjavíkurborg sem fjölbreyttan vinnustað og nýta þetta tækifæri að styrkja markvisst ímynd borgarinnar að vera einn vinnustaður í öllum sínum fjölbreytileika með fjölbreyttum aðgerðum sem mæti þörfum um vinnumarkaðsaðgerðir í kjölfar COVID-19.